

Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands 10.12.2015 kl 16:00 í Safnahúsinu á Egilsstöðum

Mættar: Marianna Jóhannsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsd., Kristjana Björnsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir ásamt Elsu Guðnýju Björgvinsdóttur safnstjóra. Gunnhildur Ingvarsdóttir og hennar varamaður boðuðu forföll. Margrét Dögg ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla safnstjóra

Elsa Guðný fer yfir mál safnsins. Ber þar á góma opnunartíma safnsins í vetur, sýningar og viðburðir, gestafjöldi haustsins, séropnanir utan opnunartíma og fyrirtækjaheimsóknir, skólaheimsóknir, fundir og ráðstefnur, markaðsmál, fjölmiðlaumfjallanir, heimasíða, samstarf, ný geymsla. Æ fleiri heimsækja safnið og skólar á svæðinu eru að nýta sér þessa aðstöðu. Elsa fjallar einnig um nýafstaðinn fund milli hennar, Unnars Geirs

forstöðumanns Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs og Báru á Héraðsskjalasafninu varðandi mögulegt samstarf og sýningu í Sláturhúsinu.

2. Erindi frá Fljótsdalshéraði: Skuldbinding Fljótsdalshéraðs vegna fasteignarinnar að Laufskógum 1

Elsa Guðný leggur fram bókun frá fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs, 23. nóvember 2015, varðandi kaupsamning fasteignarinnar að Laufskógum 1. Að morgni 11. desember mun Björn Ingimarsson bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs koma á fund í Safnahúsi með safnstjóra, formanni stjórnar og öðrum aðilum er koma að húsakosti Safnahússins. Ljóst er að Fljótsdalshérað hefur ekki að öllu leyti staðið við þær skuldbindingar til endurbóta og viðhalds á fasteigninni sem það setti fyrir árin 2014 og 2015.

3. Málefni Galtastaða fram í Hróarstungu

Elsa Guðný segir frá fundi sínum með Önnu Lísu Rúnarsdóttur, sviðsstjóra rannsókn- og varðveislusviðs Þjóðminjasafns Íslands. Fundurinn snérist um málefni Galtastaða fram í Hróarstungu, en bærinn er hluti af raðtilnefningu íslenskra torfbæja á heimsminjaskrá UNESCO. Bærinn hefur ákveðna sérstöðu og nú þarf að fara að huga að mörgu áður en hægt verður að opna bæinn fyrir gestum. Stjórn er jákvæð varðandi það að Elsa Guðný haldi þessu ferli áfram en það á eftir að fara fyrir atvinnu- og menningarmálanefnd Fljótsdalshéraðs.

4. Gjaldskrá safnsins

Safnstjóri ræðir aðgangseyrinn og gjaldið fyrir að hafa séropnanir. Elsa Guðný var búin að grennslast fyrir um gjaldið sem önnur söfn taka fyrir slíkar opnanir. Samþykkt einróma að hafa gjaldið 30.000.- kr.

5. Önnur mál

a) Opnunartímar og aðgangseyrir í sumar: Opið verður mánudaga til föstudaga frá kl. 11:30 – 19:00 og um helgar frá kl. 10:30 – 18:00. Aðgangseyrir fyrir fullorðna (18+) er

1.000,- og frítt fyrir 17 ára og yngri.

Ekki fleira á dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:00